

**Reglur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga
um hæfi og hæfismat lykilstarfsmanna**

Október 2013

Efnisyfirlit

	Bls.
<i>1. gr. Almenn.</i>	3
<i>2. gr. Markmið</i>	3
<i>3. gr. Lykilstarfsmaður</i>	3
<i>4. gr. Mat á hæfi lykilstarfsmanna</i>	3
<i>5. gr. Framkvæmd hæfismats</i>	3
<i>6. gr. Niðurstaða hæfismats</i>	4
<i>7. gr. Vanhæfi sparisjóðsstjóra og lykilstarfsmanna við meðferð einstakra mála</i> 5	
<i>8. gr. Viðskipti Sparisjóðsstjóra og lykilstarfsmanna</i>	5
<i>9. gr. Starfslokasamningur við sparisjóðsstjóra og lykilstarfsmenn</i>	5
<i>10. gr. Birting upplýsinga</i>	5

1. gr. Almenn.

Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna.

2. gr. Markmið

Sparisjóður Suður-Þingeyinga gerir ríkar kröfur um hæfi starfsmanna og stjórnenda sjóðsins og er markmið reglnanna að skapa traust og stuðla að trúverðugleika sjóðsins og starfsmanna hans með því að skilgreina kröfur sem gerðar eru til lykilstarfsmanna. Markmiðið er að tryggja að lykilstarfsmenn hafi þá færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er talin til að vinna þau verk sem þeim eru falin af heilindum þannig að lágmarka megi rekstrar- og orðsporsáhættu vegna starfa þeirra.

3. gr. Lykilstarfsmaður

Með lykilstarfsmanni í reglum þessum er átt við einstakling í stjórnunarstarfi, annan en sparisjóðsstjóra, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu sjóðsins. Stjórn sjóðsins metur hverjir teljast lykilstarfsmenn og heldur skrá um þá.

4. gr. Mat á hæfi lykilstarfsmanna

Framkvæma skal hæfismat á öllum lykilstarfsmönnum.

Fjármálaeftirlitið framkvæmir mat á hæfi stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra.

5. gr. Framkvæmd hæfismats

Stjórn sjóðsins og/eða sparisjóðsstjóri meta hæfi lykilstarfsmanna og áskilja sér rétt til að kalla eftir gögnum sem þurfa þykir til að framkvæma matið. Áður en gengið er frá fastráðningu lykilstarfsmanna skal mat liggja fyrir.

Hæfismat skal framkvæmt skv. reglum þessum á þeim starfsmönnum sjóðsins sem eru í starfi við gildistöku og hafa ekki þegar farið í slíkt mat.

Áður en til ráðningar kemur skal kanna hvort umsækjandi:

- Hvort viðkomandi sé lögráða
- Hvort hann hafi hreint sakarvottorð
- Hvort hann hafi hlotið refsidóm og ef svo er hvers eðlis hann er
- Hvort hann hafi réttarstöðu grunaðs, sæti ákæru eða sé til rannsóknar í sakamáli
- Hvort hann hafi menntun, þekkingu og starfsreynslu sem hæfi ábyrgð og stöðu innan sjóðsins
- Hvort réttmætar kvartanir hafi beinst gegn honum vegna eftirlitsskyldrar starfsemi
- Sé fjárhagslega sjálfstæður og með óflekkað mannorð
- Hvort viðkomandi hafi nægilega þekkingu og skilning á þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda út frá ábyrgðarsviði hans

Meta skal ofangreind atriði út frá orðsporsáhættu og hvort fyrri athafnir gefi tilefni til að draga í efa hæfni umsækjanda eða heilindi hans.

Nýtt hæfismat skal framkvæmt ef starfsmaður er fluttur til í starfi ef störfin teljast ekki sambærileg.

Verði breytingar á högum viðkomandi lykilstarfsmanns, sem kunna að hafa áhrif á hæfi hans, ber honum skylda til að tilkynna um slíkt til sparisjóðsstjóra.

6. gr. Niðurstaða hæfismats

Sparisjóðsstjóri skal eins fljótt og kostur er tilkynna umsækjanda/starfsmanni skriflega hvort hann hafi staðist hæfismat. Staðfesting skal vistuð með starfsmannagögnum viðkomandi ásamt viðeigandi gögnum.

Hafi viðkomandi ekki sýnt fram á fullnægjandi þekkingu á þeim lögum og reglum sem til umfjöllunar voru í hæfismatinu, skal gefa honum kost á því að endurtaka matið innan fjögurra vikna frá því að niðurstað lá fyrir. Hafni viðkomandi því að endurtaka matið eða standist hann það ekki, telst hann ekki hæfur í viðkomandi starf hjá Sparisjóði Suður-Þingeyinga.

7. gr. Vanhæfi sparisjóðsstjóra og lykilstarfsmanna við meðferð einstakra mála

Sparisjóðsstjóri og lykilstarfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála er varða viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga virkan eignahlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leiti verulegra hagsmuna að gæta í, nema um sé að ræða dótturfélag sparisjóðsins. Sama gildir um þátttöku þeirra í meðferð mála er varða aðila sem tengjast þeim persónulega eða fjárhagslega.

8. gr. Viðskipti Sparisjóðsstjóra og lykilstarfsmanna

Viðskipti sparisjóðsstjóra og lykilstarfsmanna skulu lúta sömu reglum og viðskipti við almenna viðskiptavinum og skulu þeir ekki njóta sérkjara umfram það sem öðrum viðskiptavinum býðst í sambærilegum viðskiptum. Útlán skulu samræmast reglum um fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækis til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna eða þeirra sem eiga virkan eignarhlut í því, eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda, samþykktum sjóðsins og útlánareglum hans.

9. gr. Starfslokasamningur við sparisjóðsstjóra og lykilstarfsmenn

Sparisjóðnum er óheimilt að gera starfslokasamning við sparisjóðsstjóra eða lykilstarfsmenn nema hagnaður hafi verið af rekstri hans samfelldur í síðustu þrjú ár af starfstíma viðkomandi.

Með starfslokasamningi er átt við samning sem veitir hlunnindi eða réttindi umfram hefðbundnar launagreiðslur í uppsagnarfresti sem kveðið er á um í ráðningarsamningi.

10. gr. Birting upplýsinga

Sparisjóðurinn skal birta upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna í ársreikningi, ásamt upplýsingum um fjölda þeirra.

Reglur þessar ásamt lista yfir lykilstarfsmenn skulu birtar á heimasíðu sjóðsins.

Reglur þessar voru samþykktar í stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga þann 25. október 2013 og taka þær þegar gildi.

Stjórn Sparisjóðs Suður-Þingeyinga.